

# Fundargerð málþings um sóknaráætlun 20/20 til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt

Málþing um sóknaráætlun 20/20 til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt var haldið 14. janúar 2010. Hér má sjá fundargerð frá málþinginu sem og glærur fyrirlesara.

**Aðstandendur málþingsins:** Forsætisráðuneytið og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

**Fundarstaður og fundartími:** Grand hótél, Reykjavík, 14. janúar 2010. Morgunverður og skráning var frá kl. 8:00 og var fundargjald á mann kr. 1.850. Fundur hófst 08:30 og stóð til 10:00.

**Fundarstjóri:** Magnús Guðmundsson forstjóri Landmælinga Íslands og formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

**Bakgrunnur:** Á fundinum verður kynnt sóknaráætlun stjórnvalda sem nú er unnið að og fengið hefur nafnið 20/20.

**Miðlun fundarins:** Í lok fundar verða glærur fyrirlesara settar á vefinn [www.ffr.is](http://www.ffr.is) (fundur ekki sendur út á netinu).

## Dagskrá

Fundarstjóri setur málþingið og þakkar forsætisráðuneytinu fyrir samstarfið við undirbúninginn.

1. Sóknaráætlun, markmið, skipulag og afurðir. Fyrirlesari Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra. [Sjá glærur Svandísar og Kristins.](#)

2. Staða einstakra verkþátta 20/20 sóknaráætlunar. Fyrirlesari Kristinn T. Gunnarsson verkefnisstjóri. [Sjá glærur Svandísar og Kristins.](#)

Einnig talaði Arnar Þór Másson frá fjármálaráðuneytinu um að verið væri að endurskipuleggja opinbera þjónustu með hagræðingu og eflingu að markmiði. Fjármálaráðuneytið er búið að fækka skattstjórum úr 9 í 1. Nú verður farið í sérhæfingu einstakra skattstofa. Þetta er varnarbarátta.

3. Umræður og fyrirspurnir.

Spurt var um samþættingu áætlana, eftirfylgni og val verkefna.

KTG: Samþætting – reynt að draga alla að borðinu. Val verkefna - út úr þessu komi skýr forgangs röðun.

SS: Erum að opna á milli ráðuneyta. Nú hefur hver ráðherra endanlegt vald í sínum málaflokki.

Spuning úr sal: Ráðherraráðinu þarf að breyta – kallar þetta ekki á fjölskipað stjórnvald?

SS: Kallar alla vega á umræðu um það.

AM: Nefnd er að endurskoða lög um Stjórnarráð Íslands.

Spuning úr sal: Er samstarf ráðuneytanna gott í þessu verkefni?

KJG: Já verkefnisstjóri vottar það að samstarfið er gott.

Spurning úr sal: Hvað með samfélagsleg gildi s.s lýðheilsu?

KJG: Þau hafa sinn sess í þessu. 20 milljónir voru settar í verkefnið á s.l. ári og 25 milljónir á þessu ári.

Fundarstjóri: Það er mikil þekking og kraftur í opinberum stofnunum. Upplýsingamiðlum í stefnumótun er lykilatriði til að hún nái fram að ganga.

Málþingi slitið kl. 10:00.

Um 35 manns sótti málþingið.

Fundargerð: Ingibjörg Guðmundsdóttir